

1991 nr. 88 31. desember Lög um aukatekjur ríkissjóðs

I. kafli. Dómsmálagjöld.

■ **1. gr.** Við meðferð einkamáls í héraði skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1. Fyrir útgáfu stefnu [1.200 kr.]¹⁾
2. Fyrir þingfestingu [3.500 kr.]¹⁾
3. Fyrir dómkvaðningu matsmanns [3.500 kr.]¹⁾
4. Fyrir endurrit og ljósrit á hverja síðu 100 kr.

□ Við meðferð einkamáls fyrir Hæstarétti skal greiða eftirfarandi gjöld í ríkissjóð:

1. Fyrir kæru [11.500 kr.]¹⁾
2. Fyrir áfrýjunarleyfi [11.500 kr.]¹⁾
3. Fyrir útgáfu áfrýjunarstefnu [11.500 kr.]¹⁾
4. Fyrir þingfestingu [3.500 kr.]¹⁾
5. Útivistargjald [11.500 kr.]¹⁾

□ Fyrir sjópróf og aðra sönnunarfærslu fyrir héraðsdómi án tengsla við rekstur máls fyrir hlutaðeigandi dómi skal greiða [5.700 kr.]¹⁾ í ríkissjóð.

□ Gjöld skv. 1. og 2. mgr. skal einnig greiða fyrir sakauka-sök, gagnsök, meðalgöngusök og framhaldssök.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. greiðast ekki í eftirfarandi málum:

1. Málum til heimtu vinnulauna.
2. Barnsfaðernismálum.
3. Málum til vefengingar á faðerni barns.
4. Lögræðissviptingarmálum.
5. Kjörskrármálum.
6. Einkarefsimálum.
7. Gjafsóknarmálum að því leyti sem gjald yrði lagt á gjafsóknarhafa.

¹⁾ L. 143/1997, 1. gr.

■ **2. gr.** Í málum vegna aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu og nauðungarsölu skal greiða gjöld skv. 1. gr. fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir því sem átt getur við.

□ Fyrir meðferð aðfararbeiðni fyrir héraðsdómi, án þess að gerðarþoli verði kvaddur fyrir dóm, skal greiða [3.500 kr.]¹⁾ í ríkissjóð. Gjald þetta skal greitt um leið og beiðni er afhent héraðsdómi, en ef gerðarþoli er síðan kvaddur fyrir dóm fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

¹⁾ L. 143/1997, 2. gr.

■ **3. gr.** Í málum, sem eru rekin fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir ákvæðum laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um gjaldprotaskipti, skal greiða gjöld skv. 1. gr. eftir því sem átt getur við.

□ Þá skal greiða [3.500 kr.]¹⁾ í ríkissjóð fyrir eftirfarandi málefni fyrir héraðsdómi:

1. Fyrir kröfu um opinber skipti á dánarbúi.
2. Fyrir kröfu um opinber skipti til fjárslita milli hjóna eða við slit óvígðrar sambúðar.
3. Fyrir kröfu um opinber skipti til slita á félagi.
4. Fyrir beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, þar á meðal um framlengingu hennar.
5. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til greiðslustöðvunar.
6. Fyrir beiðni um heimild til að leita nauðasamnings.
7. Fyrir kröfu um niðurfellingu heimildar til að leita nauðasamnings.
8. Fyrir kröfu um staðfestingu nauðasamnings.
9. Fyrir kröfu um gjaldprotaskipti.

□ Gjald skv. 2. mgr. skal greitt um leið og beiðni eða krafa er afhent héraðsdómi. Komi til rekstrar máls til að leysa úr ágreiningi um beiðni eða kröfu fellur gjaldið niður en fénu verður þá varið þess í stað til greiðslu gjalds fyrir þingfestingu máls.

□ Að því leyti sem héraðsdómari lætur birta kvaðningar vegna málefna skv. 2. mgr. með öðrum hætti en í pósti eða símskeyti skal sá sem beiðni eða krafa stafar frá bera kostnaðinn af því.

□ Gjöld skv. 1. mgr. og 2. mgr. verða ekki greidd ef um mál er að ræða sem ákvæði 5. mgr. 1. gr. taka til.

¹⁾ L. 143/1997, 3. gr.

II. kafli. Gjöld fyrir fullnustugerðir og búskipti fyrir sýslumanni.

■ **4. gr.** Þegar beiðni um fjárnám er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem fjárnáms er krafist fyrir, að meðtöldum vöxtum og kostnaði, þó aldrei minna en [3.500 kr.]¹⁾ eða meira en [11.500 kr.]¹⁾ Gjald skal reiknað í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður. Ef fjárnáms er krafist hjá fleiri en einum gerðarþola í sömu beiðni skal greiða þetta gjald vegna hvers þeirra.

□ Þegar beiðni um kyrrsetningu eða löggeymslu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald skv. 1. mgr. sem tekur mið af fjárhæðinni sem gerðar er krafist fyrir.

□ Við lögbannsgerð eða aðfarargerð til fullnustu á öðru en skyldu til peningagreiðslu skal greiða [5.700 kr.]¹⁾ í ríkissjóð um leið og beiðni um gerðina er afhent sýslumanni.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. eru ekki endurkræf þótt beiðni sé afturkölluð eða ekki verði af framkvæmd gerðar af öðrum sökum. Sérstakt gjald verður ekki tekið við enduruptöku gerðar.

□ Gjöld skv. 1.–3. mgr. verða hvorki greidd vegna mála sem 5. mgr. 1. gr. tekur til né vegna fullnustu sektar eða kröfu um sakarkostnað í opinberu máli.

¹⁾ L. 143/1997, 4. gr.

■ **5. gr.** Þegar beiðni um nauðungarsölu til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða í ríkissjóð 1% þeirrar fjárhæðar sem er krafist fullnustu á, að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Þegar beiðni er um nauðungarsölu á fasteign eða eign sem verður ráðstafað eftir sömu reglum og fasteign skal þetta gjald aldrei vera minna en [10.300 kr.]¹⁾ eða meira en [35.000 kr.]¹⁾ Þegar beiðni er um nauðungarsölu á lausafé skal gjaldið aldrei vera minna en [3.500 kr.]¹⁾ eða meira en [11.500 kr.]¹⁾ Ákvæði 4. og 5. mgr. 4. gr. gilda um skyldu til greiðslu þessa gjalds.

□ Þegar beiðni um nauðungarsölu í öðru skyni en til fullnustu peningakröfu er afhent sýslumanni skal um leið greiða gjald í ríkissjóð. Ef beiðnin er um nauðungarsölu á fasteign eða annarri eign sem verður ráðstafað með sama hætti og fasteign er gjaldið [17.200 kr.]¹⁾ en ef beiðnin varðar annars konar eign [5.700 kr.]¹⁾

□ Þegar fasteign er seld á uppboði greiðist 1% söliverðs sem sölulaun í ríkissjóð. Það sama á við um aðrar eignir sem eru seldar eftir sömu reglum og gilda um nauðungarsölu fasteigna.

□ Þegar aðrar eignir en getur í 3. mgr. eru seldar á uppboði greiðast 5% söliverðs sem sölulaun í ríkissjóð.

□ Gjöld skv. 1.–4. mgr. skulu reiknuð í heilum hundruðum króna þannig að það sem er umfram fellur niður.

¹⁾ L. 143/1997, 5. gr.

■ **6. gr.** Þegar einkaskiptum á dánarbúi er lokið skal greiða [5.700 kr.]¹⁾ sem skiptagjald í ríkissjóð samhliða greiðslu erfðafjárskatts. Skiptagjald greiðist þó ekki ef arfur rennur að öllu leyti til erfingja sem er undanþeginn skyldu til greiðslu erfðafjárskatts.

¹⁾ L. 143/1997, 6. gr.

■ **7. gr.** Við framkvæmd aðfarargerða, kyrrsetningargerða, lögbannsgerða, löggeymslu, nauðungarsölu og skipti dánarbúa fyrir sýslumanni verður ekki krafist frekari greiðslna en segir í 4.–6. gr. nema fyrir:

1. Óhjákvæmilegan akstur sem sá sem krefst aðgerðar býður ekki fram með viðunandi hætti. Sé notað ökutæki starfsmanns sýslumanns reiknast aksturskostnaður eftir almennum reglum um afnot ríkisstarfsmanna á eigin ökutæki við rækslu starfa sinna.

2. Útlagðan kostnaður úr ríkissjóði vegna óhjákvæmilegrar ferðar og dvalar sýslumanns eða starfsmanns hans utan umdæmis hans.

3. Þóknun eftir ákvörðun sýslumanns handa öðrum en starfsmönnum sínum sem eru kvaddir til að leysa af hendi nauðsynleg störf.

4. Ljósritun, en fyrir hana skal greiða með sama hætti og segir í 1. gr.

□ Greiðslur skv. 1. mgr. renna í ríkissjóð og verður þeirra krafist um leið og tilefni gefst til þeirra. Sýslumanni er heimilt að áskilja fyrirframgreiðslu þannig að frekari framkvæmd umbeðinnar aðgerðar falli niður ef hún verður ekki innt af hendi.

III. kafli. Gjöld fyrir þinglýsingar og lögbókandagerðir.

■ **8. gr.** Fyrir þinglýsingu skjala skal greiða [1.200 kr.]¹⁾

□ Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottám lög-ræðissviptingar.

¹⁾ L. 143/1997, 7. gr.

■ **9. gr.** Fyrir afsagnargerðir, stefnubirtingar og aðrar slíkar gerðir er lögbókandi framkvæmir skal greiða [1.200 kr.]¹⁾

□ Fyrir lögbókandavottorð á erfðaskrá og á samninga skal greiða [2.300 kr.]¹⁾

□ Fyrir drátt í happdrætti skal greiða [3.500 kr.]¹⁾

¹⁾ L. 143/1997, 8. gr.

IV. kafli. Gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda.

■ **10. gr.** [Fyrir útgáfu leyfa og skírteina vegna veitingar atvinnuréttinda og tengdra réttinda skal greiða 5.000 kr.

□ Fyrir endurnýjun leyfa og skírteina skv. 1. mgr. skal greiða 1.000 kr.

□ Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um gjöld fyrir að þreyta próf til að öðlast atvinnuréttindi eða tengd réttindi.]¹⁾

¹⁾ L. 50/1994, 1. gr.

V. kafli. Leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi.

■ **11. gr.** Fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa skal greiða sem hér segir:

1.	Heildsöluleyfi	70.000 kr. ¹⁾
2.	Umboðssöluleyfi	50.000 kr. ¹⁾
3.	Smásöluleyfi	50.000 kr. ¹⁾
4.	Lausaverslunarleyfi	50.000 kr. ¹⁾
5.	Endurnýjun verslunarleyfis	20.000 kr. ¹⁾
6.	[Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 8. gr. laga nr. 13/1996	100.000 kr.] ²⁾
7.	[Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, sbr. 9. gr. laga nr. 13/1996	50.000 kr.] ²⁾
8.	[Leyfisbréf fyrir erlent fyrirtæki í verðbréfaþjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. 46. gr. laga nr. 13/1996,	
	a. sem starfar skv. 8. gr. laganna	100.000 kr.
	b. sem starfar skv. 9. gr. laganna	50.000 kr.] ²⁾
9.	[Leyfi til váttryggingarmiðlunar	50.000 kr.] ³⁾
10.	Bráðabirgðaleyfi til váttryggingarmiðlunar	10.000 kr.] ³⁾
[11.]	Leyfi til fasteignasölu	50.000 kr.] ³⁾
[12.] ³⁾	Leyfi starfrækslu uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla	50.000 kr.
[13.] ³⁾	Endurnýjun leyfis skv. [12. tölul.] ²⁾	5.000 kr.
[14.] ³⁾	Leyfi til starfrækslu rækju- og hörpudiskvinnslu	50.000 kr.
[15.] ³⁾	Hótelleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	50.000 kr.
[16.] ³⁾	Leyfi fyrir gistiheimili, veitingastofuleyfi, greiðasöluleyfi	20.000 kr.
[17.] ³⁾	Leyfi til að selja gistingu á einkaheimilum, gistiskálaleyfi, veislubjónustuleyfi, veitingaverslunarleyfi	15.000 kr.
[18.] ³⁾	Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. [15.–17. tölul.] ²⁾	3.000 kr.
[19.] ³⁾	Leyfi til tækifærisveitinga	3.000 kr.
[20.] ³⁾	Leyfi fyrir áfengisveitingastað	
	a. til sex mánaða eða skemur	20.000 kr.
	b. til eins árs eða skemur	30.000 kr.
	c. til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára	50.000 kr.
	d. til lengri tíma en tveggja ára	100.000 kr.
[21.] ³⁾	Leyfi til áfengisveitinga (tækifærisveitinga)	5.000 kr.
[22.] ³⁾	Leyfi til að framleiða áfenga drykki	100.000 kr.
[23.]	Áfengisinnflutningsleyfi	15.000 kr.] ³⁾
[24.]	Áfengisheildsöluleyfi	30.000 kr.] ³⁾
[25.]	Árlegt eftirlitsgjald þeirra sem hafa leyfi til innflutnings og heildsölu með áfengi og tóbak, sbr. lög nr. 63/1969, með síðari breytingum,	5.000 kr.] ³⁾
[26.]	Árlegt eftirlitsgjald framleiðenda áfengis	50.000 kr.] ³⁾
[27.] ³⁾	Almennt skemmtanaleyfi fyrir veitingastað	
	a. til eins árs eða skemur	100.000 kr.
	b. til lengri tíma en eins árs	300.000 kr.
[28.] ³⁾	Iðju- og iðnaðarleyfi	25.000 kr.
[29.] ³⁾	Önnur leyfi af sviðuðum toga er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum	5.000 kr.

¹⁾ Ákvæði 1.–5. tölul. falla úr gildi 1. janúar 1999, sbr. l. 28/1998, 26. gr. ²⁾ L. 143/1997, 9. gr. ³⁾ L. 140/1995, 1. gr.

VI. kafli. Ýmis leyfi varðandi heimild til að selja, kaupa og fara með hættuleg efni og tæki.

■ **12. gr.** Greiða skal gjald fyrir útgáfu eftirfarandi leyfa sem hér segir:

1. Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni)	3.000 kr.
2. Leyfisskráteini til kaupa og notkunar á eiturefnum	5.000 kr.
3. Endurnýjun leyfisskrátæna skv. 2. tölul.	3.000 kr.
4. Leyfi til að framleiða skotelda, skotvopn, skotfæri eða sprengiefni	25.000 kr.
5. Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, auk gjalds fyrir verslunarleyfi	15.000 kr.
6. Endurnýjun leyfis skv. 5. tölul.	3.000 kr.
7. Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu	3.000 kr.
8. Leyfi til kaupa á sprengiefni	6.000 kr.
9. Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annat sprengingar	6.000 kr.
10. Önnur sambærileg leyfi nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	3.000 kr.

VII. kafli. Gjöld fyrir ýmsar skráningar.

■ **13. gr.** Fyrir eftirfarandi skráningar skal greiða gjald sem hér segir:

1. [Skráning hlutafélags og samvinnufélags	150.000 kr.] ¹⁾
[2. Skráning einkahlutafélags	75.000 kr.] ¹⁾
[3.] ¹⁾ Skráning erlendra félaga	50.000 kr.
[4.] ¹⁾ Skráning firma eins manns	40.000 kr.
[5.] ¹⁾ Skráning firma tveggja manna eða fleiri	50.000 kr.
[6. Umskráning hlutafélaga í einkahlutafélög	5.000 kr.] ¹⁾
[7. Umskráning einkahlutafélaga í hlutafélög	75.000 kr.] ¹⁾
[8.] ¹⁾ Aukatilkynningar og skráning breytinga	1.000 kr.
[9.] ¹⁾ Skráning loftfars til atvinnuflugs	60.000 kr.
[10.] ¹⁾ Skráning loftfars til einkaflugs	30.000 kr.
[11.] ¹⁾ Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.)	5.000 kr.
[12.] ¹⁾ Skráning kaupmála	4.000 kr.
[13.] ¹⁾ Lögskráning sjómanna	500 kr.
[14.] ¹⁾ Aðrar skráningar sem framkvæmdar eru af stjórnvöldum	4.000 kr.

¹⁾ L. 140/1995, 2. gr.

VIII. kafli. Ýmis vottorð og leyfi.

■ **14. gr.**

1. Fyrir vegabréf til útlanda (18–66 ára)	[4.600 kr.] ¹⁾
2. Fyrir vegabréf til útlanda fyrir aðra	[1.700 kr.] ¹⁾
3. Fyrir borgaralega hjónavígslu	[4.600 kr.] ¹⁾
4. Lögskilnaðarleyfi	[2.800 kr.] ¹⁾
5. Leyfi til skilnaðar að borði og sæng	[2.300 kr.] ¹⁾
6. Ættleiðingarleyfi	[2.300 kr.] ¹⁾
7. Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu	[1.200 kr.] ¹⁾
8. Fyrir löggildingu leiðarabókar eða véladagbókar	[1.200 kr.] ¹⁾
9. Fyrir sakavottorð gefin út samkvæmt beiðni einstakra manna	[1.200 kr.] ¹⁾
10. Fyrir veðbókarvottorð	[900 kr.] ¹⁾
11. Fyrir önnur embættisvottorð	[1.200 kr.] ¹⁾
[12. Vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabókum	[500 kr.] ¹⁾ ²⁾
[13. Leyfi til nafnbreytinga, þó ekki nafnbreytinga skv. 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1996, um mannanöfn	4.000 kr.
14. Fyrir vottorð um íslenskan ríkisborgararétt	1.200 kr.] ¹⁾

¹⁾ L. 143/1997, 10. gr. ²⁾ L. 50/1994, 2. gr.

[IX. kafli. Afgreiðslugjald skipa.]¹⁾

¹⁾ L. 1/1992, 34. gr.

■ **[15. gr.]** [Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip sem koma hingað einvörðungu vegna fiskveiða og vöru- og flutningaskip sem koma frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 20 kr. af hverju nettótonni skipsins. Hálf nettótonn eða þar yfir telst heilt. Af farþegaskipum skal greiða fjórðung gjalds.]¹⁾

□ Gjald þetta skal greiða í fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftast en sex sinnum á almanaksári.

□ Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.]²⁾

¹⁾ L. 140/1995, 3. gr. ²⁾ L. 1/1992, 34. gr.

[X. kafli.]¹⁾ [Ljósrit, endurrit og eftirgerð.]²⁾

¹⁾ L. 1/1992, 34. gr. ²⁾ L. 140/1995, 6. gr.

■ **[16. gr.]¹⁾** Fyrir endurrit eða ljósrit skal greiða 100 kr. fyrir hverja vélritaða síðu. Fyrir staðfestingu dómssgerða skal greiða 1.000 kr.

□ Í ritlaunum skv. 1. mgr. er innfalið staðfestingargjald, nema af dómssgerðum og lögbókandastaðfestingum.

□ [Fyrir eftirgerð af hljóðupptökum skal greiða eftirfarandi gjald:

1. Fyrir eftirgerð af hljóðupptöku, 90 mín., 400 kr.
2. Fyrir eftirgerð hljóðupptöku, 60 mín., 350 kr.
3. Fyrir eftirgerð myndbandsupptöku 1.000 kr.]²⁾

¹⁾ L. 1/1992, 34. gr. ²⁾ L. 140/1995, 4. gr.

[XI. kafli. Gjöld fyrir staðfestingu skipulagsskráa og birtingu reglugerða lífeyrissjóða.]¹⁾

¹⁾ L. 143/1997, 11. gr.

■ **[17. gr.]** Fyrir staðfestingu á skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, skal greiða 5.000 kr. Þeir sem fara fram á staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað við birtingu skipulagsskráar í B-deild Stjórnartíðinda.

□ Lífeyrissjóðir, sem senda reglugerðir sínar til fjármálaráðuneytis til staðfestingar samkvæmt lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisséttinda,

skulu endurgreiða ráðuneytinu kostnað af birtingu reglugerða í B-deild Stjórnartíðinda.]¹⁾

¹⁾ L. 143/1997, 11. gr.

[XII. kafli.]¹⁾ Um innheimtu gjaldanna, gildistöku o.fl.

¹⁾ L. 143/1997, 11. gr.

■ **[18. gr.]¹⁾** Gjöld samkvæmt lögum þessum skulu renna í ríkissjóð.

□ Innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum annast sýslumenn, héraðsdómarar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneyti eða önnur ráðuneyti í umboði þess.

□ Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjaldið er tekið fyrir að gefa út eða rita á ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

¹⁾ L. 143/1997, 11. gr.

■ **[19. gr.]¹⁾** Fjármálaráðuneytið ákveður hvort ríkissjóður eða innheimtuaðilar opinberra gjalda skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum er þessa aðila varða.

¹⁾ L. 143/1997, 11. gr.

■ **[20. gr.]¹⁾ . . . ²⁾**

¹⁾ L. 143/1997, 11. gr. ²⁾ L. 140/1995, 5. gr.

■ **[21. gr.]¹⁾** Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ L. 143/1997, 11. gr.

■ **[22. gr.]¹⁾** Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1992. . . .

¹⁾ L. 143/1997, 11. gr.